

Patreksfjörður, 11.5.2022

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
Patreksfjörður

Berist til bæjarráðs

Efni: Beiðni um endurskoðun á samningi um rekstur upplýsingamiðstöðvar í Vesturbyggð.

Nú er sumarið að breyta á og munum við hjá Westfjords Adventures hefja formlega opnun á upplýsingamiðstöðinni þann 16. maí og verðum við auðvitað með fullan opnunartíma líkt og árið 2019 (við fengum undanþágu um að hafa skertan opnunartíma vegna covid undanfarin tvö sumur).

Við höfum undanfarin 4 ár fengið 900.000 kr. greiðslu frá Vesturbyggð fyrir að halda úti upplýsingamiðstöðinni og hefur ekki orðið nein hækkun á þeirri tölu þrátt fyrir vísitöluhækkun. Okkur langaði því að óska eftir því að samningurinn yrði endurskoðaður í ljósi aukins launakostnaðar og almennra hækkana og koma með þá tillögu að það verði annað hvort hækkun sem samsvarar vísitöluhækkun frá árinu 2018 eða að samningupphæðin verði áfram föst tala og hækki úr 900.000 kr. á ári í 1.250.000 kr. á ári.

Með fyrirfram þökk,

Gunnþórunn Bender, framkvæmdastjóri Westfjords Adventures.